



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>  
Re: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi  
Sent: 12.06.2017 13:03:20 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017060006, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2017060006

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts og annarra gagna sem send voru með tölvupóstum þann 9. maí sl. Umsögn þessi nær eingöngu til viðbygginga við Hótel Reyhlið.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við þær viðbyggingar sem kynntar hafa verið og telur þær ekki koma til með að hafa áhrif á verndargildi Mývatns og Laxár sem slíkar enda falla þær vel að núverandi byggingum og er hæð þeirra t.d. sú sama þannig að áhrif á landslag aukast ekki verulega. Með stækkun þessa hótels og annarra í sveitinni eykst hins vegar álag á svæðið þ.m.t. verndarsvæðið en gera má ráð fyrir sífellt meiri mengun Mývatns, t.d. næringarefnamengun, frá hótelfarfsemi ef ekki er tryggð fullkomin hreinsun á frárennsli. Einnig má gera ráð fyrir meira álagi almennt s.s. vegna mengunar og truflunar af umferð og ágangi almennt sem kallar bæði á betra skipulag og stýringu umferðar um svæðið.

Náttúrufræðistofnun telur því að ef leyfa á aukna starfsemi. s.s. stækun Hótels Reyhliðar, þá verði að setja skilyrði um að allt frárennsli sé hreinsað með fullkomnustu tækni svo næringarefnamengun í Mývatni aukist ekki.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>  
Dags: 08.06.2017 15:43:09  
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>  
Efni: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi

Umhverfisstofnun vísar í umsókn Icelandair hótela, dags. 19. maí, til Umhverfisstofnunar um að byggja við Hótel Reyhlið í Mývatnssveit. Hóтелиð er innan svæðis sem fellur undir lög nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Beiðni um umsögn er í samræmi við 17. gr reglugerðar 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Umhverfisstofnun óskar hér með umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands á áhrifum framkvæmdar á lífríki Mývatns, vatnasvið þess, jarðmyndanir og landslag. Í viðhengi eru gögn er tengjast umsókninni.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að umsögn berist sem allra fyrst en ekki seinna **22. júní n.k.**

Nánari upplýsingar gefur undirritaður í síma 822 4039.

Umsagnarbeiðni verður einungis send bréfleiðis ef óskað er eftir því. Vinsamlegast staðfestið móttöku erindis.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Davíð Örvar Hansson

Sérfræðingur, Nature reserve officer

Svið náttúru, Department for Nature



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)